

ÍSLENSK HEIMSFRÆÐI OG TRÚIN Á ENDURBURÐ, REINCARNATION

I

Það hefir verið trú manna mjög víða, og er ennþá, einkum í Austurlöndum, að menn fæðist hér á jörðu aftur og aftur, séu endurbornir, eins og sagt er í Eddu. Undarleg trú virðist þetta vera, mjög, að þeir, sem dánir eru, fæðist aftur, og nú í einni ætt, nú í annarri, nú hjá einni þjóð, nú hjá annarri. En margir skynsamir menn hafa þessa trú, og í guðspeki, þeoðofi, er hún undirstöðuatriði. Í dulfræðitímaritum í Vesturlöndum er trú þessi alltaf mjög mikið rædd, og virðast flestir að henni hallast. Það er heldur ekki hægt að neita því, að til eru athuganir, sem ekki hefir virst unnt að skýra öðruvísi en með endurburði. Ýmsir hafa átt sér endurminningar eins og þeir hafi lifað áður, og þegar rannsakað var, kom það í ljós, að endurminningar þessar, eða sumar þeirra, voru réttar og ekki hugarburður einn. Ein slík saga er í Lesbók Mgbl. 12. ágúst þ.á. s. 255, og ég býst við að gera megi ráð fyrir, að sagan sé sönn. En þó það væri ekki, þá eru til svipaðar sögur sannar. Sagan er á þá leið, að indversk telpa, 7 ára, kveðst hafa lifað áður, og átt mann og 3 syni. Hún kemur í þorpið, þar sem hún kveðst hafa átt heima, þekkir þessa menn sem hún kveður hafa verið syni sína í hinu fyrra lífi, og kannast við flesta þorpsbúanna. Og er síst furða, þó að menn trúi á endurburð, þar sem annað eins og þetta getur komið fyrir. En þó er þessar endurminningar ekki þannig að skilja. Trúin á endurburð er, eins og svo mörg önnur trú, sprottin af misskilningi.

II

J. Ochorovicz, sem var einn af ágætustu sálarfræðingum, er heimildarmaður fyrir þessari merkilegu sögu, sem hér fer á eftir. Tvinn hjón, til hægðarauka nefnd A og B, áttu dæturnar a og b. Hjónin A missa dóttur sína, og koma síðan í heimsókn til hinna. Vill þá dóttirin b fara heim með hjónunum A, og fær hún það. Þegar þangað kemur, kannast hún þar við allt, þekkir hirslur stúlkunnar sem dáin var eins og sínar, og þar fram eftir götunum. Er þar skemmt af að segja, að það var líkast því sem hjónin A hefðu fengið dóttur sína aftur, aðeins var sál hennar nú í öðrum líkama. En þó gat þarna vitanlega ekki verið um endurburð að ræða. Skýringin á þessu er sú, að fyrir stillíahrif foreldranna A (Law of determinants), fer sál dótturinnar a í dótturina b, sem miðil, en hennar eigin sál verður að þoka, og miðilsástand þetta verður fast, kroniskt. — Þar sem annað eins og þetta kemur fyrir, tala sálufræðingar og sálulæknar um klofning persónuleikans, dissociation of personality, og mis-skilja þar aðalatriðið. —

III

Sáluskipti eins og þessi, sem nú var af sagt, nægja til að vekja tortryggni gagnvart þeirri skýringu á því sem sýnist vera eins og endurminningar manns, sem lifað hafi áður, að þær stafi af endurburði. En ef menn vilja færa sér í nyt rannsóknir mínar á eðli draumlífsins, þá verður dagbjart yfir þessu máli öllu. Gefi menn vandlega gætur að draumum sínum, þá munu þeir verða þess varir, að það er alvanalegt, að í draumlífinu komi fram endurminningar, sem alls ekki eiga heima í vökulífi dreymandans. Dæmi leiðir best í ljós, hvað ég á við. Mig dreymir, að ég standi hér í Reykjavík á hafnarbakkanum, og sé að virða fyrir mér fimmmastrað seglskip stórkostlegt. Sé ég skip þetta með sínum mikla og margvíslega reiða, svo greinilega sem í vöku væri, eins og í draumum er titt, og er ekki lítið furðulegt, að sálufræðingar skuli geta ímyndað sér, að hinn hvílandi hugur skapi sjálfur slíka mynd. Skip þetta finnst mér í draumnum, vera gamall

kunningi, og verður mér ljóst, að ég á margar endurminningar í sambandi við það. En í raun réttri þekki ég ekkert fimmmastrað seglskip og á ekki neinar endurminningar í sambandi við slíkt skip. Hvernig þetta á að skýra, er augljóst, þegar menn færa sér í nyt uppgötvun mína á eðli drauma. Draumar vorir eiga upptök sín í vökulífi annars manns sem ég kalla draumgjafa. Ástand eins heila framleiðist í öðrum. Það sem mér í draumi finnst vera mínar endurminningar, er í raun réttri, endurminningar draumgjafans. Einhver maður stendur á einhverjum hafnarbakka — sem er náttúrlega ekki hafnarbakkinn hér í Reykjavík — og virðir fyrir sér stórkostlegt skip, sem er gamall kunningi hans, og hann á margar endurminningar um. Og af einhverjum ástæðum, framleiðist heilaástand þessa manns í mínum sofandi heila og verður að draumi mínum. Þetta sem nú var sagt um eðli drauma, er ekki tilgáta, heldur uppgötvun, og þannig skýrist fullkomlega hvernig það er til komið, að menn geta átt það sem virðist vera endurminningar úr fyrra lífi. Það sem um ræðir, er í raun réttri endurminningar annars manns, draumgjafa, sem hefir fengið fastara samband en vanalegt er, og gerir einnig vart við sig í vöku. Og þar sem nú oft má ganga úr skugga um, að þetta eru endurminningar manns sem dáinn er, þá er þarna jafnframt fengin fögur og óyggjandi sönnun fyrir því, að meðvitund látins manns er til, þó að líkami hans sé liðinn undir lok, og er þar að vísu sönnun fyrir framhaldi lífsins. Og ef fólk sem hefir þesskonar endurminningar rannsakaði nógu vel það sem það kallar huga sinn, þá mundi það geta fengið afarfróðlega vitneskju um samtíma ástæður hins framliðna, sem það hefir fengið svo náið samband við. T. d. mundi mega fá að vita ljóslega, að hinn framliðni er ekki eintómur andi, sem lifir í 4. rýmd (dimension) eða úti í ljósvakanum, heldur líkamleg vera, sem á heima á jarðstjörnu.

IV

Þó að það sé annar eins maður og Sir Oliver Lodge, sem kennir að menn lifi eftir dauðann án efnislíkama og úti í

geimnum á milli stjarnanna, að því er mér skilst, þá segi ég hiklaust, að sú kenning er röng og sprottin af vanþekkingu á tilgangi lífsins. Því að ég þekki tilgang heimsins og lífsins. Tilgangur alheimsins er hið fullkomna efni, eða nákvæmar sagt, fullkomnun efnisins. Tilgangur lífsins er hinn fullkomni líkami, líkami, sem er ekki fjötur fyrir andann, eða gröf sálarinnar, eins og Platón komst að orði, heldur viðbót andans og auðgun. Spekingar Austurlanda höfðu rétt fyrir sér, þegar þeir kenndu að sálin eignaðist aftur líkama eftir dauðann (reincarnation). En það var hinn afleiti misskilningur austrænnar speki, að aftur yrði vaxið af fóstri, og fæðst á þessari jörðu. Sannleikurinn er á þá leið, að endurlíkamanin verður ekki með fæðingu og því sem þar fer á undan, og ekki á þessari jörð. Krafturinn, sem skapaði sér líkama úr efnum þessarar jarðar, líður ekki undir lok, heldur skapar sér líkama af nýju, þó með annarri aðferð sé, og úr efnum annarrar jarðar. Það er þetta, sem er svo erfitt að fá menn til að skilja. Og þó er það ekki fyrr en sá skilningur er fenginn, sem lífið kemst í sannleika á framfaraleið. Stærsta málið í alheimi er að koma lífinu á byrjunarstöðvunum, slíkum sem jörð vor er, í framfarahorfið. Þá fyrst, þegar það verður, er allur alheimur kominn í öruggt horf, eða áleiðis til þess að verða guð almáttugur. Því að ennþá er guð ekki til öðruvísi en sem tilraun. Og það er vandinn mikli, að vera í samræmi við þá tilraun. Allt, sem ekki er það, mun líða undir lok.

19. sept. '28